

Um Síðaóruang og söguna Matsí

Síðaóruang er skáldanafn Wanna Sawatsrí sem er fædd 1943 í Pitsanúlók í norðurhluta Taílands. Foreldrar hennar voru verkafólk og hún ólst upp í fátækt, þriðja af átta börnum þeirra. Tólf ára gömul var hún send til Bangkok til að vinna fyrir sér. Ólíkt öðrum þekktum nútímarithöfundum Taílands, sem eru upp til hópa vel menntaðir, naut hún einungis fjögurra ára barnaskólanáms. Að nokkru leyti hafði það í för með sér skort á sjálfstrausti gagnvart bókmenntaheiminum en það virðist líka meginástæða þess að sem höfundur er hún mjög frumleg og óhrædd við að fara eigin leiðir. Sögur hennar hafa oft og tíðum hneykslað taílenska lesendur sem handan velsæmismarka hvað varðar sögupersónur og viðfangsefni.

Síðaóruang birti fyrstu smásögu sína árið 1973 og sögur hennar hafa síðar unnið til ýmissa taílenskra bókmenntaverðlauna. Tveir vestrænir bókmenntafræðingar hafa þýtt verk hennar á ensku í smásagnasöfnum; sögurnar í annarri bókinni eru að mestu leyti sósíalrealismi og þjóðfélagsgagnrýni en í hinni fantasíur þar sem notaðar eru persónur úr goðsagnabálkinum Ramayana (Ramakien á taílensku) til að draga fram ýmsar myndir af nútíma hversdagslífi.¹ Gefur það nokkra hugmynd um breidd hennar sem höfundar að hún lýsir verkafólki, verksmiðjuvinnu, hátíðum, hugarórum og öðru efni hversdagsins og fléttar í frásagnir sínar fantasíu og þjóðfélagsgagnrýni. Oft er stutt í þann glæfralega en yfirlætislausa húmor sem

1 Rachel Harrison *A Drop of Glass and Other Stories by Sidaoruang*. Bangkok: Duang Kamol, 1994; Susan F. Kepner *Married to the Demon King: Sri Daoruang and Her Demon Folk*. Chiangmai: Silkworm, 2004. Að auki þýddi Susan Kepner söguna Matsí á ensku, sjá Susan Fulop Kepner, Matsii, í bók hennar *The Lioness in Bloom: Modern Thai Fiction about Women*. Berkeley: University of California Press, 1996, bls. 95–103.

svífur yfir sögunni Matsí. Síðaóruang hefur gefið út sjö smásagna-söfn, fimm skáldsögur og sex greinasöfn, auk þess að hafa þýtt ýmsar bókmenntir yfir á taílensku.

Matsí er um margt merkileg saga sem olli nokkurri hneykslun þegar hún var fyrst birt í tímariti árið 1985.² Aðalpersónan er aldrei nafngreind, nema óbeint með heiti sögunnar. Matsí (stundum líka Maddí eða Matrí) er nafn eiginkonu Vesandons Prins í Jataka-sögunum sem fjalla um fyrri líf Búdda. Jataka útleggst sem fæðingarsögur og snúast þær um margbrotinn lífsferil Búdda í gegnum nokkur æviskeið. Gotama Búdda er sá fjórði en sá fimmti verður Maitreya Búdda. Vesandon Prins ólst upp við allsnægðir, giftist svo hinni fallegu Matsí og þau eignuðust tvö börn. Prinsinn er óvenjulegur, hann skortir algjörlega ágirnd eða sjálfhverfu og er þess í stað einstaklega örlátur, og seinna meir fær hann hugljómun og verður Búdda. Betlari nokkur biður prinsinn um að gefa sér börnin tvö og það gerir hann umhugsunarlaust. Annar biður um konu hans, Matsí, og hann gefur hana frá sér líka. Guðirnir sjá hvað fram fer, blanda sér í málið og Vesandon fær síðar aftur börn og eiginkonu og erfir konungsríkið.

Örlæti eða gjafmildi er hampað sem kjarnaboðskap búddisma. Það að gefa af eignum sínum til góðs leiðir til góðs karma en karma veltur á uppsöfnuðum afleiðingum góðra og illra athafna, hugsana, og ætlana yfir mörg lífshlaup. Fólk og aðrar verur eru öll á ferð í gegndarlausri hringrás endurfæðinga sem það losnar ekki endilega úr. Þess vegna er mikils virði að gera góðverk, sérstaklega í formi örlætis gagnvart búddahofum og stuðningi við munka. Gott karma leiðir til endurfæðingar í betri stöðu en áður, vont karma getur af sér líf þjáninga, sorga og erfiðleika. Fólk þarf tilsögn varðandi rétt og gott líferni og fer því í hofin til að heyra munkana predika. Það að hlýða á predikanir og að gefa til hofa eykur verðleika (t. *bun*, e. *merit*) fólks.³ Gjafmildi og gott athæfi auka verðleika fólks og gefa til kynna karmastöðu þess.

2 Sagan var birt í tímaritinu *High-Class* (ไฮ-คลาส) árið 1985. Hún var svo endurbirt í bók höfundar, *Matsí*, smásagnasafni, gefið út af Thantawan forlagi í Ayutthaya 1987, og úr þeirri bók er þýðingin unnin. ศิริดาวเรือง มัทธี: รวมเรื่องสั้น สำนักพิมพ์ทานตะวัน อยุธยา 2530 (1987), bls. 113–21.

3 Ég nota orðið „verðleika“ í merkingunni „það sem maður á skilið“ (sbr. að verðleikum), sem mælikvarða á karmainnistæðu hvers og eins.

Um tíu ára aldur geta strákar vígst sem nemar í Búddahofum og karlmenn svo til munks um tvítugt. Munkar sverja af sér hversdagslíf og hversdagsleg gildi og helga sig námi og einföldu lífi til þess að ná auknum trúarlegum þroska. Þeir eru ekki venjulegt fólk lengur heldur búa yfir gildi helgra hluta. Karlmenn auka trúarlegan verðleika sinn með því að vígjast, hvort sem þeir endast lengi meðal munka eður ei. Er líka talið að mæður aukist að verðleikum með því að gefa syni sína á þennan hátt til eflingar trúnni en á eigin vegum er konum þessi vegur ekki fær. Konur geta vígst sem nunnur en þær njóta lítils álits sem slíkar. Munkar predika og veita blessanir, en ekkert gefur til kynna að nunnur hafi það sem til þarf hvorki að verðleikum né af trúarmætti til að sinna fólki á svipaðan hátt.

Ein helsta fyrirstaða hugljómunar þrátt fyrir lærdóm munkanna er að almenningur er veikur fyrir veraldlegum gildum, fólk er bundið ýmsum þráum og löngunum. Fólk getur ekki svo auðveldlega slitnið sig frá fjölskyldu, vinum, líkamlegum þörfum eða veraldlegum gæðum. Að hluta til leiddi þetta til verkaskiptingar. Munkar sjá um andlegan vöxt sinn, miðla almenningi af lærdómi sínum í predikunum, og verða vettvangur verðleikasköpunar þess fólks sem lifir sínu hversdagslífi. Er það talið langt frá því að vera á færi hvers sem er að stunda líferni munka, til þess þurfi sérstaka hæfileika og mikinn viljastyrk. Sjálfsafneitun munka er ein meginrót hæfileika þeirra og staðfestu.

Vesandon prins var örlætið holdi klætt. Hann gaf frá sér hvers kyns veraldlega hluti. Ætlun hans strax á ungaaldri var að njóta þess að gefa. Hugsun hans kann að virðast öfgakennd þegar hann skynjar strax á barnsaldri að hann vildi helst geta gefið úr sér hjartað eða augun. Þegar Vesandon fæddist bárust honum margar gjafir, meðal annars töfrum gæddur fíll sem gat ráðið því hvenær rigndi. Var fíllinn oft bjargvættur ríkisins þar sem hann forðaði þjóðinni frá þurrki og hungursneyð. Síðar meir báðu menn úr nágrennaríki um að prinsinn gæfi þeim fílinn, sem hann þá gerði. Þetta vakti óhemju reiði meðal almennings sem sá fram á endalok velsældar sinnar. Heimtaði fólknið að kóngurinn, faðir Vesandons, dæmdi hann til dauða fyrir verkið. Í staðinn ákvað kóngurinn að senda hann í útlegð til óbyggða í skógi vöxnum fjöllum langt í burtu.

Eiginkona Vesandons, hin fallega og ljúfa Matsí, segist ekki geta verið án hans svo hún og börn þeirra tvö fylgja honum í útlegð. Gerir hún allt til að þjóna honum og styrkja hann, meðal annars að virða ósk hans um einlífi og hreinlífi eins og einsetumanni sæmdi. Svo sér Vesandon fyrir að maður nokkur muni koma og biðja af honum börnin. Hann villir fyrir Matsí og segir henni að fara út í skóg. Andar í dýralíki halda svo aftur af henni þangað til börnin eru farin. Jörðin skalf þegar hann gaf börnin frá sér. Einn guðanna sér fyrir að næst gefi hann frá sér konuna, svo hann bregður sér í mannlíki, biður um að fá Matsí, fær hana og gefur hana svo Vesandon strax aftur. Þar eð hún er þá orðin gjöf frá öðrum getur hann ekki gefið hana frá sér lengur. Þetta linnulausa örlæti Vesandons prins eykur stöðugt verðleika hans sjálfs og leiðir til þess að hann verður Búdda í næsta lífi.⁴

Hér liggur galdurinn og húmorinn á bak við sögu Sídaóruang. Matsí er ung kona, ómenntuð, fátæk og þriggja barna móðir. Hún vill helga sig trúnni og er algjörlega fær um að slíta af sér bönd hversdagsins, þar á meðal að segja skilið við börnin. Hún ætlar bara að gefa þau. Viðhorf hennar er jafngilt því og hægt væri að gera ráð fyrir hjá munkum með langa menntun og óvenju mikinn trúarþroska; „í hjarta mínu finn ég hvorki fyrir ánægju né óánægju. Þessi mannlíkami sem við fæðumst með hann tilheyrir okkur í raun alls ekki, fólk fæðist og svo deyr það, þessi börn eru ekki mín eign.“ Hér er sjónarhorn hennar það sama og Vesandon prins er hampað fyrir, algjörlega laust við bönd hversdagslífsins og er þess í stað örlætið og óeigingirninn holdi klædd. Hann sem karlmaður, prins, auðugur og valdamikill, verður spámaður og trúarleiddtogi og er sagan af honum flutt með alls kyns hætti í löndum teravada búddisma (Sri Lanka, Mjanmar, Taílandi, Laos og Kambódíu) tvö þúsund og fimm hundruð árum seinna. Hún, ómenntuð og fátæk stelpa með þrjú börn, er óskiljanleg og forkastanleg. Jörðin skalf ekkert þegar hún yfirgaf börnin sín heldur var Matsí okkar tíma flutt á lögreglustöðina og svo send í gæðrannsókn.

Sagan af Vesandon prinsu er lesin á ákveðnum helgidögum og í sumum löndum og landshlutum fer einnig fram skruðganga með

4 Frumtextinn er til í enskri þýðingu, sjá *The Perfect Generosity of Prince Vesantara*. Margaret Cone og Richard F. Gombrich, þýð. Bristol: The Pali Text Society, 2011.

myndskreytta útgáfu sögunnar.⁵ Fólk kemur saman til að hampa dæmisöguefninu og gefur eftir megni til hofanna, að hluta til vegna þess að það er sjálft svo jarðbundið og ófært um örlætið sem Vesandon prins var í blóð borið. Það að koma saman til að fagna sögunni af Vesandon prins og að hlýða á lestur hennar sýnir að minnsta kosti rétt hugarfar og ásetning. Í smásögunni segir að Matsí hafi næstum tekist að losa sig við börnin sín, Þjáningarbúntin Þrjú. Ein uppistaðan í lærdómi búddisma er að líf fólks einkennist af Þjáningu vegna þess hvað það er flækt og bundið; háð tengslum sínum við annað fólk, hluti og eigin þarfir og langanir. Útgefandi smásagnasafnsins lætur ekki leika neinn vafa á kjarna smásögunnar um Matsí nútímans. Á upphafssíðu er einungis titillinn og svo ágengasta spurning sögunnar í tvígang; „Og hvernig stendur á því að karlmenn komast upp með þetta?“

5 Aðgengilegasta heimildin er Steven Collins, ritstj., *Readings of the Vessantara Jataka*. New York: Columbia University Press, 2016. Myndskreytta útgáfan er algengust í Laos og nálægum héraðum Taílands. Hún er máluð á striga sem er um einn metri á hæð og þrjátíu metrar á lengd og er hengd upp í hofum á árlegri hátíð.

Matsí

Hún sat á móti vaktstjóranum á lögreglustöðinni. Sítt hár hennar var allt í flóka og í andlitinu mátti sjá litlar fölar unglingabólur. Hún kreisti fram hlátur og gaf því engan gaum að tvær tölur á blússunni hennar voru óhneptar og að glæfralegt los var komið á pilsíð um mittið.

„Já, en ég var búin að útskýra þetta áðan, að ég vil ekki að neinn sé að ergja mig. Ef þið viljið stinga mér í steininn, ja, þá það bara, þá þarf ég að minnsta kosti ekki að sjá um þessa krakka lengur.“

Lögreglumaðurinn hristi höfuðið. Hann reyndi eins og hann gat að halda aftur af sér gagnvart þessari kvenmynd algjörlega sneyddri öllum mannsiðum. Hann krækti sér í sígarettu og kveikti í og blés reyknnum rólega frá sér. Horfði svo á hina ákærðu sem dró djúpt að sér andann.

„Ef þig langaði ekki í þessi börn, af hverju varstu þá að eignast þau? ... Fyrirgefðu, en jafnvel hundar unna afkvæmum sínum.“ Vaktstjórinn var alls ekki lágróma og hann var orðinn rauður í framan.

„Þetta snýst nú um pabba þeirra, af hverju ferðu ekki á eftir honum og handtekur hann líka? Ef þér finnst ég vera upp á kant við lögin þá er pabbi þeirra meira upp á kant en ég því það var hann sem bjó þau til.“ Hún hélt áfram með vanþóknun í röddinni: „Hann kastaði frá sér börnunum og konunni og tók saman við nýja tussu, það var ekki eins og ég hefði kastað þeim frá mér til að ná mér í nýjan kall.“ Hún hægði á tali sínu. „Herra lögregla, í hjarta mínu finn ég hvorki til ánægju né óánægju. Þessi mannslíkarnir sem við fæðumst í tilheyrir okkur í raun alls ekki, eins og búddamunkarnir hafa kennt okkur ... fólk fæðist og svo deyr það ... þessi börn eru ekki mín eign ...“

„Nóg um það, nóg um það ... burtséð frá því, ef svo fer að einhver tekur að sér börnin, hvað ætlarðu þá að gera?“

Það skein beiskja úr stórum og kringlóttum augunum. Hún starði lengi eitthvað út í loftið en ekki á neitt sérstakt, svo táraðist hún.

„Ég ætla að vígjast til nunnu. Ég hef fengið mig fullsadda af börnum og eiginmanni og get í alvöru slitið mig frá þeim.“

Vaktstjórinn hallaði sér aftur í stólnum og dæsti. „Hu.“ Hann virtist úrvinda. „Hvað ertu eiginlega gömul, þú sjálf?“

Stelpan leit upp og þau horfðust í augu.

„Nítján.“

„Nítján ára með þrjú börn ... Hver heldurðu að trúí þér? Ekki eldri en þetta og búin að fara svona illa með þig og kemur svo hingað og segist vera tilbúin að sverja af þér alla holdlega girnd. Líklega er ekki langt í að bóndi þinn fari að daðra við þig aftur og að þú verðir enn einu sinni komin með óléttubumbu.“ Það var eins og lögregluþjónninn hefði sagt skilið við kurteisina.

„Ég er algjörlega komin á rétt spor. Ef ég vígist þá kem ég alls ekki til með að snúa aftur við blaðinu. Við tvö reyndum eftir megni að lifa rétt og svo náði það ekki lengra ... þetta er alveg búíð mál.“

Það lá ekki beint við að trúa henni. Margir mundu ráða af tali hennar, gerðum og látbragði að hún væri gengin af vitinu eða þá að hún stigi einfaldlega ekki í vitið. Lögreglumaðurinn hafði falið eigin konu eins undirmanna sinna að sjá tímabundið um öll þrjú börn þessarar annarlegu konu.

„Þú, hérna ... þykir þér gaman að fara í búddahofið?“

„Já. Áður en ég eignaðist mann fór ég með mömmu á hverjum helgidegi.“ Það lifnaði yfir henni eins og hún hefði fengið eitthvert skemmtilegt leikfang. „Mér leið alltaf vel þegar ég hlýddi á predikanir.“

„Gott og vel, ég trúí því að hugur þinn hneigist til góðra verka og að þú farir oft í hofið. En hvers vegna hefur þitt sæmdarhjarta ekki samúð með þínum eigin börnum? Hvernig gastu bara sísvona skilið þau eftir í biðskýlinu? Það var mesta mildi að lögreglan átti leið fram hjá og varð vitni að þessu. Ég veit ekki hvernig þetta hefði annars endað. Þarna er heilmikil umferð.“

Hún gretti sig og sperrti hálsinn. „Hvað þarf ég eiginlega að segja þér þetta oft? Ég var búin að segja að ég vil þau ekki ... vil þau ekki.“

Síðan hækkaði hún enn róminn. „Ef herra lögregla ætlar að þröngva þessum börnum upp á mig aftur ... þú getur gert það svo sem ... en þá skil ég þau bara aftur eftir í vegkantinum. Og ef þau fara að gráta og elta mig ... þá lumbra ég bara almennilega á þeim. Það að móðir slái börnin sín er ekki bannað með lögum. Þannig er það. Ég er alls ekki að reyna að drepa þau. Þegar ég var barn þá barði mamma mig svo fast að í hvert skipti hélt ég að ég mundi ekki lifa það af.“

Hún lyfti fótunum upp í stólinn og settist í hugleiðslustellingu. Til skiptis dró hún inn varirnar og setti á sig stút, aftur og aftur og virtist áhyggjufull.

Nokkrum klukkustundum fyrr hafði hún tekið miðjubarnið og skellt því í sæti á strætisvagnabiðstöð og hrópað: „Ef einhvern langar í barn þá fæst það gefins.“ En allt fólkið í biðskýlinu brást við með því að hafa sig á brott. Hún beið í drygklanga stund þar til hún ávarpaði stúlkuna, elsta barnið, sem hélt utan um það yngsta.

„Þið verðið saman hér. Það er bannað að elta mig. Ef einhver kemur þá bara segið þeim ... biðjið um að fá að vera með þeim ... þið vitið ... það er fullt af fólki hérna, eins og í mauraþúfu. Bráðum hittið þið einhvern með göfugt hjarta sem á leið um.“

Svo gekk hún burt. Þó að börnin þrjú þyrðu ekki að hlaupa á eftir móður sinni af því þau hræddust að hún slægi þau þá hrópuðu þau samhljóma: „Mamma, mamma, ekki skilja okkur eftir ... mamma, við erum hrædd.“

Í sannleika sagt var hún hér um bil búin að losa sig alveg við þjáningarbúntin þrjú. En það var þá sem lögreglubíllinn keyrði fram hjá. Og nú sat hún á móti þessum lögreglumanni. Hún var einbeitt.

„Herra lögregla, trúir þú á áhrif góðra verka og illra?“ spurði hún hreinskilnislega.

„Heldur betur. Ég trúir því að móðir sem fremur þvívíkt illvirki eins og þú fari eftir andlát sitt beinustu leið til helvítis.“

„Þú misskilur. Ég meina að ef þú segir að ég hafi framið illvirki þá verður mín refsing sú að ég lendi að lokum í víti. Hvers vegna er þá þörf á að handtaka mig? Það er alveg nóg að mín bíði vítisdvöl. Af hverju er verið að vandræðast með mig?“

Lögreglumanninum fannst sér misboðið. Þó svo að í yfirheyrslunni hafi hin ákærða talað af sannfæringu var langt frá því að hún stæði styrkum fótum í trúnni. Hún var með undanbrögð og vitleysisgang.

Það leit helst út fyrir að það þyrfti að senda hana til geðlæknis. Annars varð kannski að sleppa henni lausri. Börnin yrðu sennilega send til barnaverndar og kannski væri hægt að fá frétt í blaðinu. Sagan mundi vinda upp á sig. Þetta var ekki flókið. Blaðamenn voru alltaf að leita að fréttum og góðri fyrirsögn ... Hah! ... Fyrst þarf að ná tali af föður barnanna og spyrja hann að tildrögum málsins.

„Pabba þeirra, ha? Hann gengst nú ekki einu sinni við þeim.“ Hún talaði eins og hún vissi hvað hann væri að hugsa og skipti svo um umræðuefni: „Geturðu gefið mér sígarettu?“

Það fauk í lögreglumanninn yfir skeytingarleysi hennar gagnvart því hverju munaði á stöðu þeirra. Honum flaug í hug að hún væri vændiskona. En það gat ekki staðist því vændiskonur sjá almennt um börnin sín. Hann leit á sígarettuna áður en hann drap í henni í öskubakkanum og svo rétti hann henni 85-pakkann með síðustu rettunni.

„Ég veit að þér líður illa yfir þessu. Maðurinn þinn sinnti ykkur ekki, heldur tók hann saman við hjákonu. En börnin hafa ekki hugmynd um neitt. Ef þér hefði tekist að skilja þau eftir við vegkantinn hefðu þau vaxið úr grasi og gerst þjófar, dópistar. Stúlkurnar hefðu kannski farið að selja sig. Það er ekki sambærilegt að vera gefinn ókunnugum og að fá að alast upp hjá foreldrum sínum. Börnin eiga eftir að þjást af vanmetakennd ef þau fá ekki að alast upp hjá þér. Hugsaðu málið. Ef þú vilt fá vinnu skal ég hjálpa þér að finna pláss á veitingahúsi eða sem vinnukona, heimilishjálp. Þú leitar að ódýru leiguhverbergi. Ég skal sjá um að skutla börnunum í dagvist á morgnana en þegar þú ert búin í vinnunni verður þú að sækja þau og hafa þau hjá þér yfir nóttina. Líst þér ekki vel á það? Fáum okkur nú að borða.“ Herra lögregla hafði þulið þessa lexíu sína eins og hann hygðist segja Jataka-sögurnar alveg til enda, sögur af mörgum fyrri lífum Búdda.

Hún saug að sér reykin úr sígarettunni meðan hún hugsaði málið og hnepti á meðan lausu tölunum á blússunni. „Þetta hljómar vel. En ég verð þá að vinna svakalega mikið.“

„Þó það nú væri. Það þurfa allir að vinna sína vinnu. Nema þeir sem hafa leitað en ekki fundið starf. Ég er lögregla hérna og þarf eilíft að vera í vinnunni. Og þú ...“ Hann var aftur orðinn reiður en ákvað að tala rólega og lágt eins og búddamunkur að predika.

„En ég hef aldrei verið í vinnu.“

„Blessi þig ... eðla frú ... Þú varst rétt vaxin úr grasi þegar þú varst komin í samband. Maðurinn sá fyrir ykkur og svo varð hann bara leiður á ástandinu. Var það ekki þannig?“ Þetta hafði byrjað eins og helgiboðskapur eða bæn en varð fljótt eins og vaðall í manni í lög-reglubúningi.

Tárin streymdu niður kinnar hennar. Hún horfði fyrst dolfallin á hann og svo reyndi hún að fara bónarveginn.

„Gerðu það, má ég vígjast til nunnu?“

Í þetta sinn missti lögreglumaðurinn algerlega þolinmæðina. Hann barði hnefanum í borðið og rauk á fætur. Hann þrýsti báðum lófnum á borðplötuna og var alvaran uppmáluð.

„Þú leikur þér að því að afneita veraldlegu hliðinni, ha? En hvers konar manneskja finnur ekki til félagslegrar ábyrgðar?“

Hún hrökk upp af stólnum, hörfaði afturábak að skilveggnum og fálmaði eftir brúninni á honum. Kaldur sviti spratt fram og perlaði undir augum hennar og á nefinu. Herbergið varð þögnin ein. Flugur sveimuðu um. Kjökur hennar ágerðist smám saman.

„Það eru svo margir að vígjast. Af hverju er þá ekki skammast í þeim?“ Það var í henni þrjóskur kvörtunartónn eins og hún hefði alls ekki skilið predikun lögreglumannsins.

„En hérna ... það þarf ekki að hafa áhyggjur af fólki almennt. Það er ekki að gera þetta til að bægja hlutunum frá sér eins og í þínu tilviki ... Hvar hefur það svo sem gerst ... að fleygja börnunum frá sér og vígjast. Þú ert aldeilis brött, ætlar að flýja eigin ábyrgð og skýla þér á bak við trúna ... Hvað finnst þér ... ef börnin þín hefðu tekið erfiðleikum og þjáningum við vegkantinn sem sínu hlutskipti af fúsum og frjálsum vilja, hvernig hefði það átt að sýna að móðir þeirra hefði losað sig við allar langanir og girnd?“ Lögreglumaðurinn atyrkti hana og mótmælti rökum hennar með tilþrifum.

„Og hvernig stendur á því að karlmenn komast upp með þetta?“ Hún virtist ekki hafa meðtekið orð hans.

„Hver ... hver svo sem hefur nokkurn tíma hegðað sér í líkingu við þig?“

„Ja ... Vesandon prins.“

Hinn mikli lögreglumáður okkar varð snarringlaður. Hann vissi ekki um hvað hún var að tala. En eftir stundarkorn færði hann skrif-

stofustólinn til, settist og horfði lengi vel á þessa ungu konu. Svo benti hann henni með hendinni að setjast aftur á sinn stað. Hann sat niðurlútur og þögull og skrifaði eitthvað á blað. Loks kallaði hann á einn undirmanna sinna og rétti honum bréf.

„Farðu með þetta eyðublað og hina ákærðu til læknisins. Ef hann kemst að einhverri niðurstöðu vil ég að þú komir til baka með skýrslu.“

Hjörleifur Rafn Jónsson þýddi úr taílensku